



# Jarðhitafélag Íslands

---

## **Fundargerð 106. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 28. janúar 2013 kl. 15:00 í húsakynnum Samorku.**

Mætt: Bjarni Pálsson, formaður, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Kristín Vala Matthíasdóttir, Magnús Ólafsson og Magnús Þór Jónsson. Boðuð forföll: Jakob S. Friðriksson.

### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

### **2. Innheimta félagsgjalda**

Innheimtan gengur ágætlega. Ávallt eru þó nokkur dæmi um skráða félagsmenn sem ekki greiða félagsgjöld og staða þeirra til umræðu. Félagið ber beinan kostnað af hverjum skráðum félagsmanni en um 40% félagsgjalda renna til IGA. Hins vegar eru ákveðnir hagsmunir af því gagnvart stjórnarkjöri hjá IGA að fjöldi félagsmanna sé a.m.k. yfir 100.

### **3. Aðal- og vorfundur 2013**

Rætt um hugsanlegt þema vorfundar. Umræðu frestað til næsta fundar.

### **4. Nýir félagsmenn**

Nýr félagsmaður samþykktur í félagið, Andri Arnaldsson sem starfar hjá Vatnaskilum.

### **5. Önnur mál**

Rætt um Iceland Geothermal ráðstefnuna í Hörpu í mars, og um komandi stjórnarkjör hjá IGA.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 11. febrúar, í húsakynnum Landsvirkjunar.

Fundi slitið kl. 16:10. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari

---